

FRÉTTATILKYNNING

11 September 2025 17:14:00 GMT

**ICELANDAIR: BOGI NILS BOGASON TEKUR TÍMABUNDIÐ VIÐ STÖÐU
FRAMKVÆMDASTJÓRA REKSTRAR SAMHLIÐA STÖÐU FORSTJÓRA**

Tilkynnt var um í júlí sl. að Sýlvía Kristín Ólafsdóttir myndi láta af störfum sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Icelandair. Hún lætur formlega af störfum í dag en síðustu mánuði hefur hún aðstoðað við yfirfærslu verkefna. Ráðningaferli er í fullum gangi en Bogi Nils Bogason forstjóri Icelandair tekur tímabundið við stöðu framkvæmdastjóra rekstrar samhliða stöðu forstjóra þangað til gengið hefur verið frá ráðningu.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair:

„Ég vil þakka Sýlvíu fyrir mikilvægt framlag í þágu Icelandair og frábært samstarf síðastliðin ár. Þá óska ég henni alls hins besta á nýjum vettvangi.“

Nánari upplýsingar

Fjárfestar: Íris Hulda Þórisdóttir, yfirmaður fjárfestatengsla. Netfang: iris@icelandair.is

Fjölmiðlar: Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: asdis@icelandair.is